

Stykkishólmsbær

Stefnumörkun í málefnum aldraðra

*Skýrsla nefndar á vegum Stykkishólmsbæjar
Apríl 2006*



Ljósmynd © Jóhann Ísberg

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Starf nefndarinnar og íbúaþróun.....	3
1.1 Vinnulag	3
1.2 Íbúaþróun.....	4
2. Þjónusta við aldraða	6
2.1 Lög um þjónustu við aldraða.....	6
2.2 Heimahjúkrun.....	6
2.3 Félagsleg heimaþjónusta	7
2.4 Félags- og tómstundastarf	7
2.5 Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi	7
2.6 Þjónustuþúðir	8
2.7 Önnur þjónusta á vegum bæjarfélagsins	8
3. Samantekt og athugasemdir	9
3.1 Félagsleg heimabjónusta og heimahjúkrun.....	9
3.2 Félags- og tómstundastarf	9
3.3 Húsnaðismál	11
3.4 Dvalarheimilið.....	11
3.5 Tillögur í húsnaðismálum.....	12
4. Skoðanakönnun	14
4.1 Félagsstarfið.....	15
4.1.1 Helstu niðurstöður.....	15
4.1.2 Annað	18
4.2 Húsnaðismál	20
4.2.1 Helstu niðurstöður.....	20
4.2.2 Að lokum.....	25
5. Stefna Stykkishólmssbæjar í málefnum aldraðra	26
Viðaukar	28

Stefnumörkun í málefnum aldraðra

*Skýrsla nefndar á vegum Stykkishólmssbæjar
Lögð fram 5.. apríl 2006*

Inngangur

Á fundi bæjarstjórnar Stykkishólms 12. maí 2005 var samþykkt að skipa nefnd um stefnumörkun í málefnum aldraðra.

Verkefni nefndarinnar var að leggja fram tillögur að stefnumótun í málaflokknum, skoða félagslega þjónustu við aldraða í bænum, leggja mat á húsnæðisþörf og koma með tillögur um hvernig brugðist verði við henni.

Í nefndina voru skipuð Eyþór Benediktsson, Hanna Jónsdóttir og Katrín Pálsdóttir.

Nefndin kom fyrst saman til fundar 8. september og hélt nokkra fundi í september og október þar sem starfið var skipulagt. Fleiri voru kallaðir til ráðgjafar og samráðs og í nóvember var ákveðið að leggja skoðanakönnun fyrir íbúa sem væru 60 ára og eldri.

Skoðanakönnunin var lögð fyrir í lok janúar 2006 og lauk vinnu við hana nú í marsmánuði.

Efni skýrslunnar er sett fram á þann hátt að í fyrsta kafla er gerð grein fyrir vinnubrögðum nefndarinnar og fjallað um íbúapróun í Stykkishólmi og Helgafelssveit. Þá er fjallað almennt um þjónustu hins opinbera í málaflokknum og reynt að lýsa hvernig staðið er að henni í Stykkishólmi.

Í næsta kafla eru dregnar saman helstu niðurstöður, tillögur og hugmyndir sem komið hafa fram á fundum nefndarinnar með starfsfólk og fulltrúum Aftanskins, félags eldri borgara í Stykkishólmi og nágrenni.

1. Starf nefndarinnar og íbúaþróun

1.1 Vinnulag

Á fyrsta fundi nefndarinnar, 8. september 2005, var gerð áætlun um starf nefndarinnar, hvaða atriði yrðu tekin sérstaklega til skoðunar, og hvernig nefndin skilaði af sér.

Ákveðið var að beina sjónum að nokkrum atriðum, afla upplýsinga um stóðuna og kalla svo til samráðs starfsfólk í þjónustu við aldraða og fulltrúa frá Aftanskini. Eftirtalin atriði voru skoðuð:

- Fjöldi aldraðra og skipting eftir aldri
- Félagsleg ráðgjöf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Félags- og tómstundastarf, íþróttir, forvarnir
- Heimahjúkrun
- Húsnæðismál
- Aftanskin
- Dvalarheimili
- Önnur þjónusta, s.s. garðsláttur, snjómokstur, afslættir o.fl.

Þegar upplýsingum um ofangreinda þætti hafði verið safnað voru boðaðir á fund fulltrúar Aftanskins, forstöðukona Dvalarheimilis, hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöð og starfsmenn í félagstarfi aldraðra. Nefndin hafði undirbúið spurningar og umræðu um eftirtalin atriði sem voru kynnt og reifuð stuttlega:

- Almennt um þjónustu við aldraða í bænum
- Félags- og tómstundastarf
- Húsnæðismál
- Dvalarheimilið

Þessi atriði voru rædd nánar á öðrum fundi og dregnar saman niðurstöður úr þeiri umræðu.

Fram kom mjög eindreginn vilji til þess að hafa skoðanakönnun meðal eldri borgara um ákveðna þætti. Ákveðið var að undirbúa skoðanakönnun þótt það þyddi að skil skýrslunnar drægjust nokkuð.

Vigdís Gunnarsdóttir félagsráðgjafi á Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga tók að sér að hafa umsjón með skoðanakönnuninni sem var svo lögð fyrir um mánaðamótin janúar og febrúar 2006.

1.2 Íbúaþróun

Til þess að geta gert sér grein fyrir umfangi málaflokkssins er nauðsynlegt að taka mið af íbúafjölda og þeim breytingum sem hafa orðið á honum og eru líklegar í nánustu framtíð. Nefndin ákvað að nota íbúatölur bæði úr Stykkishólmi og Helgafelssveit þar sem bæði sveitarfélögini eru sama heilsugæslusvæðið auk þess sem líta má á sveitarfélögini sem félagslega einingu.

Í báðum sveitarfélögunum hefur íbúum fækkað frá árinu 1991, um 4,7% í Stykkishólmi og um 29,5% í Helgafelssveit.

Íbúaþróun frá árinu 1991 í Stykkishólmi og Helgafelssveit sést vel í **Töflu 1.1:**

	1991	1995	2000	2005
Stykkishólmur	1223	1295	1229	1165
Helgafelssveit	78	68	56	55
Samtals	1301	1363	1285	1220

Tafla 1.1

Fjöldi 60 ára og eldri er sýndur í **Töflu 1.2** og þá sést að aldurssamsetningin breytist talsvert í sveitarfélögunum á þessu 15 ára tímabili. Þrátt fyrir fækkun íbúa eru 60 ára og eldri fleiri árið 2005 en þeir voru 1991 og hlutfall þeirra af heildaríbúafjölda fer úr 13,9% í 18,2%


Þessi þróun er í samræmi við það sem er almennt í samfélaginu. Eldra fólk fylgir hlutfallslega meira en þeim sem yngri eru og á næstu árum komast á sjötugsaldurinn stóru árgangarnir sem fæddust eftir seinni heimstyrjöld.

	1991	1995	2000	2005
Stykkishólmur	170	184	208	208
Helgafelssveit	11	13	18	14
Samtals	181	197	226	222
Hlutfall (%) af íbúafjölda	13,9	14,5	17,6	18,2

Tafla 1.2

Á mynd 1.1 má sjá hvernig aldursdreifingin er hjá þeim sem fæddir eru 1945 og fyrr og sést þar að 49,5% - (110 af 222) eru á aldrinum 60 – 70 ára.

Fjöldi íbúa 60 ára og eldri í Stykkishólmi og Helgafellssveit 1. des. 2005



Mynd 1.1

Á vef Hagstofunnar kemur fram

„...að á árinu 2005 fjölgaði íbúum hér á landi meira en mörg undanfarin ár. Fólksfjölgun var 2,2% á árinu og hefur íbúum ekki fjölgað jafnmikið hér á landi frá því fyrir 1960. Þessi mikla fjölgun er öðru fremur rakin til mikils aðstreymis fólks frá útlöndum. Mikil fólksfjölgun sem varð hér á landi frá lokum seinni heimsstyrjaldar til ársins 1970 er aftur á móti rakin til mikils fjölda fæðinga og bættra lífslíkna.“
[\(<http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=1449>\)](http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=1449)

Ástæður þess að eldri borgurum fjölgar hlutfallslega þrátt fyrir almenna fólkfækkun í Stykkishólmi og Helgafellssveit má líka rekja til þess að hér sé, og hafi verið, góð þjónusta fyrir þennan aldurshóp og fólk sæki ekki í sama mæli á suðvesturbornið og þeir sem yngri eru. Nokkuð hefur líka verið um það að fólk yfir sextugt hafi flust til Stykkishólms, einkum á síðustu árum.

2. Þjónusta við aldraða

2.1 Lög um þjónustu við aldraða

Aldraðir eiga rétt á almenri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni aldraðra.

Samkvæmt **lögum um félagsþjónustu** er það hlutverk sveitarstjórnar

„...að sjá um að félagsþjónusta fyrir aldraða sé fyrir hendi í sveitarfelaginu eftir þörfum. Er þá m.a. átt við heimabjónustu, félagsráðgjöf og heimsendingu matar. Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfí við þeirra hæfi. Í því sambandi skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði.“ (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, 40/1991)

Samkvæmt **lögum um málefni aldraða** (125/1999) skiptist öldrunarþjónustan í **opna öldrunarþjónustu** og **stofnanaþjónustu** fyrir aldraða.

Opin
öldrunar-
þjónusta

Opna öldrunarþjónustan stuðlar að því að auðvelda öldruðum að búa sem lengst í heimahúsum. Undir hana heyrir heimabjónusta aldraðra, þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit, dagvist aldraðra og sjálfsagnar-, leigu- og búseturéttaríbúðir fyrir aldraða.

Stofnana-
þjónusta

Stofnanaþjónusta fyrir aldraða er tvennis konar. Annars vegar er um að ræða þjónustuhúsnaði, þ.e. íbúðir eða dvalarheimili ætlað þeim öldruðum sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimabjónustu. Hins vegar hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum eða hjúkrunarheimilum sem eru ætluð þeim sem eru of lasburða til að dveljast í þjónustuhúsnaði aldraðra.

2.2 Heimahjúkrun

Markmið heimahjúkrunar er að gera öldruðum kleift að dvelja heima, við sem eðlilegastar aðstæður, þrátt fyrir sjúkdóma eða heilsubrest.

Heimahjúkrun er skipulögð af heilsugæslustöðinni og hefur hún aukist verulega á síðustu árum bæði vegna þess að eldra folki hefur fjölgæð hlutfallslega í bæjarfélaginu og einnig er fólk betur meðvitað um að þessi þjónusta stendur því til boða.

Til þess að fá heimahjúkrun þarf einstaklingurinn sjálfur, aðstandandi eða læknir að óska eftir henni við hjúkrunarfræðinga heilsugæslustöðvarinnar. Allir sem búsettir eru á svæði heilsugæslustöðvarinnar eiga rétt á þessari þjónustu sér að kostnaðarlausu.

Hjúkrunarfræðingar heilsugæslustöðvarinnar sinna þjónustunni sem byggist á vitjunum á heimilin. Þjónustan er veitt virka daga frá kl. 8 til 17 en ekki er um að ræða útkallsvakt eða næturþjónustu. Hjúkrunarþörfin er metin í fyrstu heimsókn.

Hvað felst í heimahjúkrun?

Heimahjúkrun veitir aðstoð við almenna aðhlynningu, böð, lyfjagjafir, lyfjaeftirlit, blöðþrýstingsmælingu, sykurmælingu, sáraskiptingar o.fl. Jafnframt er andlegum þörfum fólks sinnt og því veitt ráðgjöf og stuðningur eftir þörfum. Heimahjúkrunin sér um að sækja um hjálpartæki til Tryggingarstofnunar ríkisins ef þörf er á þeim.

Stefnt er að því að einstaklingar haldi færni sinni eins lengi og líkamsþrek og heilsa leyfir. Heimahjúkrun á því að vera hjálp til sjálfshjálpar.

2.3 Félagsleg heimaþjónusta

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga hefur umsjón með félagsþjónustu í sveitarfélögum á Snæfellsnesi og hefur starfsfólk félagsþjónustunnar viðveru og fasta viðtalstíma á fimmtudögum í **Egilshúsi** í Stykkishólmi.

Markmið heimaþjónustunnar

Samkvæmt reglum sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa samþykkt um félagslega heimaþjónustu eru markmið hennar að fólk

....geti búið við eðlilegt heimilislíf á eigin heimili svo lengi sem verða má. Þjónustan byggir á hjálp til sjálfshjálpar og miðar að því að styrkja sjálfsbjargargetu og velliðan notenda” (Reglur um félagslega heimaþjónustu á Snæfellsnesi).

Hlutverk þjónustunnar er m.a. að veita aðstoð við heimilishald og persónulega umhirðu auk þess að veita félagslegan stuðning. Starfsmaður félagsþjónustunnar metur þjónustupörfinu og hefur, eftir því sem við á, samráð við heilsugæslulækna og heimahjúkrun.

Félagsleg heimaþjónusta er að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags.

2.4 Félags- og tómstundastarf

Skipulagt félags- og tómstundastarf á vegum bæjarins er frá kl 12 til 16 virka daga og er opið öllum eldri borgurum. Tveir starfsmenn sinna því og hafa undanfarin ár haft aðstöðu í sal Dvalarheimilisins á Skólastíg 16 (nýju íbúðaálmunni).

Mánudaga og fimmtudaga er spilað og á föstudögum er boccia í salnum. Þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga er lestur á Dvalarheimilinu og handavinna í salnum.

Aftanskin, félag eldri borgara í Stykkishólmi og nágrenni, hefur verið starfandi í um tuttugu og fimm ár og stendur fyrir skemmtikvöldum eitt sér og í samvinnu við önnur félög í bænum. Einnig hefur félagið staðið fyrir skemmtiferðum fyrir félaga innanlands og til útlanda. Þá hefur undanfarin ár verið starfandi söngþópur eða kór á vegum félagsins.

2.5 Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi

Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi, sem er sjálfseignarstofnun, tók til starfa 9. ágúst 1978. Á heimilinu eru 18 einsmanns- og tvö tveggjamannaherbergi. Tíu hjúkrunarrými eru á heimilinu og við það starfa 17 starfsmenn í tæplega 13 stöðugildum

Auk daglegrar umönnunar við heimilisfolk er ýmis önnur þjónusta veitt. Læknir kemur einu sinni í viku, sóknarprestur reglulega og hefur samverustundir og viðtöl auk guðsþjónustu um jól og pásku. Hárgreiðslukona kemur einu sinni í viku og fótsnyrtir nokkuð reglulega og

boðið er upp á leikfimi daglega. Bankaþjónusta er einu sinni í mánuði. Íbúar í þjónustuþúðunum á Skólastíg 14 og 16 hafa einnig getað nýtt þessa þjónustu.

Eldri borgarar og öryrkjar hafa getað fengið keyptan mat á dvalarheimilinu og ýmist borðað þar eða fengið matinn sendan heim. Sama á við um þvotta, aldraðir hafa getað keypt þá þjónustu af dvalarheimilinu.

2.6 Þjónustuþúðir

Árið 1991 voru teknar í notkun átta þjónustuþúðir fyrir aldraða og eru þær samtengdar Dvalarheimilinu. Árið 1997 voru svo teknar í notkun sjö íbúðir að Skólastíg 16. Þær eru einnig tengdar Dvalarheimilinu og þar er salur sem nýttur er til tómstunda- og félagsstarfs fyrir íbúa Dvalarheimilisins og þjónustuþúðanna og aðra eldri borgara í bænum.

Íbúðirnar eru svokallaðar búseturéttaríbúðir og eiga íbúar þeirra rétt á sömu heimaþjónustu og aðrir íbúar bæjarins. Auk þess hafa þeir, vegna nánna tengsla við Dvalarheimilið, notið góðs af annarri þjónustu sem veitt er á Dvalarheimilinu eins og fram kemur hér að framan.

Íbúar í þjónustuþúðum geta fengið keyptan mat og þvottapjónustu á Dvalarheimilinu, einnig eru bjöllur í hverri íbúð, sem eru í sambandi við Dvalarheimilið.

Þjónustuhópur aldraðra hefur haft umsjón með úthlutun íbúða eftir reglum sem hafa verið samþykktar af bæjarstjórn. Undanfarin ár hafa að jafnaði 6 – 10 umsóknir verið á biðlista eftir íbúðum.

2.7 Önnur þjónusta á vegum bæjarfélagsins

Þeir eldri borgarar sem eru með fulla tekjurtryggingu fá fasteignagjöld felld niður að fullu en þeir sem eru með skerta tekjurtryggingu fá 50% fasteignagjalda felld niður.

Eldri borgurum hefur staðið til boða að kaupa aðstoð við garðslátt á sumrin. Það hafa þá verið ungligar úr Vinnuskólanum sem hafa séð um það í samvinnu við Áhaldahúsið. Elli- og örorkulífeyrisþegar fá 75% afslátt af gjaldskrá af útseldri vinnu vinnuskólans

Heimsendingu máltíða og þvottapjónustu hefur verið hægt að kaupa af Dvalarheimilinu, eins og kemur fram hér að ofan.

Frá því í febrúar 2006 fá þeir íbúar bæjarins sem eru orðnir 67 ára ókeypis í Sundlaug Stykkishólms.

Einnig er rétt að minna hér á að fjöldi fyrirtækja og stofnana í bænum veitir eldri borgurum afslátt af vöru og þjónustu.

3. Samantekt og athugasemdir

Í þessum kafla eru teknar saman þær ábendingar og athugasemdir sem komu fram í viðræðum og á fundum með starfsfólk í öldrunarþjónustunni og fulltrúum frá Aftanskini. Í lok kaflans eru svo tillögur í húsnæðismálum.

3.1 Félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun

**Samstarf,
samráð og
yfirsýn**

Mikilvægt er að gott samstarf sé með þeim sem sinna þjónustu við eldri borgara. Ekki er neinn formlegur samstarfsvettvangur til staðar eða samhæfing þar sem enginn starfsmáður hefur sérstaklega það hlutverk með höndum. Það gæti verið verkefni starfsfólks félagsþjónustunnar að vera í forystu fyrir slíku samráði sem hefði ákveðna yfirsýn og stuðlaði að samhæfingu þannig að þjónustan nýttist sem best. Væntanlega þyrfti þá að semja sérstaklega um það við Félags- og skólapjónustunu Snæfellinga.

**Kynning
þjónustu**

Kynna þarf með skipulegum hætti þá þjónustu sem öldruðum stendur til boða. Einnig upplýsingar um rétt fólks til almannatrygginga og veita fólk félagslega ráðgjöf við starfslok.

Eins og fram kemur hér að framan er miðað við að heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta standi fólk til boða á dagvinnutíma virka daga. Heimilt er þó, samkvæmt 12. gr. reglna um félagslega heimaþjónustu, að víkja frá þessu ákvæði ef brýn þörf er á því. Það væri þá háð samþykkt bæjarstjórnar. Enn mikilvægara er þó að geta veitt heimahjúkrun í sérstökum tilvikum utan dagvinnutíma, t.d. um helgar. Þar sem heimahjúkrunin er á höndum heilsugæslustöðvar þyrfti bæjarfélagið að semja um þá þjónustu við heilsugæsluna og greiða fyrir hana.

Dagvist

Nefndin telur rétt að í nánustu framtíð verði það skoðað hvort möguleiki er á að veita dagvistarþjónustu fyrir aldraða. Í lögum um málefni aldraðra (125/1999) segir þetta um dagvistarþjónustu:

„Dagvist aldraðra [...] er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónustu og vera aðstaða til þjálfunar og læknispjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.“

Áður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða ... skal afla framkvæmda- og rekstrarleyfis heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.“

Meta þyrfti þörf fyrir dagvistarþjónustu í tengslum við ákvarðanir um byggingu þjónustuíbúða eða breytingar eða nybyggingu dvalarheimilis.

3.2 Félags- og tómstundastarf

**Pátttaka og
virkni**

Það kom ítrekað fram á fundum nefndarinnar með starfsfólk og fulltrúum Aftanskins að þörf væri á að skoða sérstaklega félags- og tómstundastarfið.

Starfsmenn félags- og tómstundastarfsins hafa haldið skrá yfir þátttöku undanfarin ár og kemur í ljós að þátttakendum í félagsstarfinu hefur fækkað. Þeir sem hafa verið virkir eldast að sjálfssögðu en fáir nýir koma inn í starfið. Erfiðara verður að finna verkefni við hæfi í ýmiss konar handavinnu þegar aldurinn færst yfir og getan skerðist.

Greinilegt er af viðtolum að meiri fjölbreytni vantar í félagsstarfið og þörf er á að virkja fleiri til þáttöku. Huga þarf að hentugr aðstöðu (húsnæði) og nauðsynlegt er að tengja félagsstarfið annarri þjónustu. Þannig gæti t.d. starfsmaður félagsþjónustunnar haft yfirsýn yfir starfsemina og stuðlað að samvinnu og samhæfingu þjónustunnar og einnig virkjað eldri borgara sjálfa og Aftanskin til þess að hafa frumkvæði að ýmiss konar félags- og tómstundastarfi.

**Tengsl
við Dvalar-
heimilið**

Fram kom líka í viðtolum að þótt ýmsir kostir séu við tengingu félagsstarfsins við Dvalarheimilið og íbúðirnar á Skólastígnum þá sé það alls ekki nauðsynlegt og takmarki að sumu leyti starfsemina. Bæði á það við um húsnæðið og það félags- og tómstundastarf sem í boði er. Það var m.a. nefnt að hugsanlega ætti að skipta félagsstarfinu þannig að sérstök dagskrá væri fyrir íbúa dvalarheimilisins og önnur dagskrá fyrir „yngra“ fólkid og þá sem væru á léttara skeiði. Það starf þyrfti ekki eins mikið að binda við félagsaðstöðuna á Skólastígnum.

**Íþróttir og
heilsurækt**

Stefna ætti að því að efla íþróttastarf og líkamsrækt fyrir aldraða. Líkams- og heilsurækt er hvort tveggja mikilvægt forvarnarstarf og uppbyggilegt félagsstarf sem er kjörið fyrir Aftanskin og önnur félög eða áhugahópa að skipuleggja í samvinnu við fagfólk.

„Hjartahópurinn“ hefur staðið fyrir líkamsrækt tvisvar í viku undir stjórn sjúkrapjálfara og einnig hafa þeir sem eru orðnir 67 ára fengið ókeypis í sund frá því í febrúar.

Skipulegar gönguferðir gætu verið fastur liður á dagskránni, þar þarf fyrst og fremst einhverja til þess að hafa forgöngu um málið á svipaðan hátt og staðið er að kórstarfinu.

Ýmiss konar fræðslustarf eða námskeiðahald sem lýtur að tómstundum, heilsurækt eða réttindum þyrfti líka að efla.

**Aðstaða
Húsnæði**

Það kom fram að skortur á húsnæði eða félagsaðstöðu hamli félagsstarfinu. Vissulega væri gott að geta gengið að rúmgóðri félagsaðstöðu þar sem hægt væri að stunda margs konar félags- og tómstundastarf í tengslum við aðra þjónustu við aldraða. Ekki má þó líta fram hjá því að í bænum er að finna ýmsar „vistarverur“ sem gætu staðið öldruðum opnar ef eftir því væri leitað. Má þar nefna safnaðarheimilið, smíða-, sauma-, myndmennta- og tölvustofur grunnskólans sem oftast eru lausar eftir miðjan dag (og jafnvel einstaka morgna) og hugsanlega hægt að semja við kennara eða aðra áhugasama um að vera leiðbeinendur í tómstundastarfi í sínu fagi.

**Frumkvæði
Samhæfing**

Nefndin telur að ýmislegt megi gera til þess að efla félags- og tómstundastarfið. Það þarf ekki allt að kosta mikið fé eða sérstakar ráðstafanir í húsnæðismálum. Það er heldur ekki hægt að ætlast til þess að þeir starfsmenn sem sinna félags- og tómstundastarfinu á vegum Stykkishólmssbæjar komist yfir mikið meira en þeir sinna nú þegar. Miklu fremur þarf að koma til meira frumkvæði frá eldri borgurum sjálfum og Aftanskini og það er verðugt verkefni að finna einhvern flót á því hvernig hægt er stilla saman strengina og virkja sem flesta. Athugandi væri hvort möguleiki væri á að ráða til þess verkefnis sérstakan starfsmann sem þá sæi um samræmingu, væri starfsfólk til aðstoðar við skipulagningu og héldi utan um allt félagsstarfið.

Eins og nefnt er hér að ofan væri líka hugsanlegt að starfsmaður félags- og skólapjónustunnar væri sá sem leiddi slíka vinnu, t.d. með því að funda tvisvar eða þrisvar á ári með starfsfólk og fulltrúum Aftanskins og aðstoða

við að gera áætlanir um félagsstarfið. Þannig gætu öll sveitarfélögin á Snæfellsnesi sameinast um sílikan starfsmann.

3.3 Húsnæðismál

Þann 1. desember 2005 voru 208 íbúar í Stykkishólm 60 ára og eldri sem er tæplega 18% íbúafjöldans. Langflestir þessara íbúa eru í eigin húsnæði en rúmlega 40 búa í þjónustuþúðum og á Dvalarheimili eða hjúkrunardeildum.

Biðlisti

Undanfarin ár hefur verið biðlisti eftir þjónustuþúðum þannig að þörf fyrir byggingu fleiri íbúða hefur verið ljós. Segja má að einkum tvennt hafi tafið framkvæmdir við íbúðabyggingar fyrir eldri borgara á vegum sveitarfélagsins. Í fyrsta lagi hafa verið skiptar skoðanir á því hvar eigi að byggja í bænum og þá um leið hvers konar þjónustu eigi að veita í húsnæðinu. Fleiri byggingum verður ekki komið fyrir á Skólastíg nema með því að fjarlægja önnur hús eða byggja á loð Barnaskólans sem varla er kostur meðan skólastarf fer þar fram. Þá hefur það líka oft verið nefnt að betra væri að byggja íbúðir fyrir eldri borgara nær annari almennri þjónustu, s.s. við Aðalgötu, Borgarbraut eða í „gamla“ bænum.

Staðsetning

Í öðru lagi hafa breytt lánakjör á fasteignamarkaði og „virkur“ fasteignamarkaður í Stykkishólm 60 ára gert það að verkum að margir hafa getað selt stærri eignir og keypt nýjar og minni íbúðir á frjálsum markaði. Í þeim hópi eru margir þeirra sem á næstu árum hefðu líklega sótt um kaup á þjónustuþúðum.

Fasteignamarkaður

Þrátt fyrir þetta er enn biðlisti eftir þjónustuþúðum og þörf á að byggja á næstu árum 5 – 8 íbúðir eins og kemur fram í niðurstöðum skoðanakönnunar sem kynnt er í næsta kafla.

3.4 Dvalarheimilið

Þjónusturými

Það eru bráðum 30 ár frá því að Dvalarheimilið var stofnað og eins og nærrí má geta hafa ýmsar aðstæður breyst á þeim tíma. Sama er að segja um þjónustu við aldraða og viðmið og þær kröfur sem gerðar eru til stofnana og sveitarfélagsins. Eins og kemur fram hér að ofan eru tíu rými á dvalarheimilinu skilgreind sem hjúkrunarrymi og fær heimilið greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins í samræmi við það. Hin plássin eru svokölluð þjónusturými þar sem gert er ráð fyrir að búi fólk sem hefur minni þörf fyrir hjúkrun og kostnaður heimilisins vegna lyfjakaupa og umönnunar ætti að vera lægri sem því nemur enda fær heimilið greitt í samræmi við það frá hinu opinbera.

Hjúkrunarými

Það sem hefur breyst undanfarin ár á Dvalarheimilinu er að heimilisfólk þar er að jafnaði eldra en var fyrir tveimur áratugum. Það er vegna þeirrar stefnu sem hefur verið að aldraðir geti búið sem lengst á eigin heimilum og eigi kost á góðri þjónustu, bæði félagslegri þjónustu og aðstoð og einnig heimahjúkrun. Af því leiðir að fólk kemur eldra inn á dvalarheimili og oft veikara eða í meiri þörf fyrir hjúkrun. Þess vegna má segja að í raun ættu flestir heimilismenn dvalarheimilisins að búa á hjúkrunarrymi og heimilið að fá greiðslur samkvæmt því.

Rétt er að taka hér fram að ekki er dregið úr þjónustu við þá sem vistast á þjónusturými en ættu að vera á hjúkrunarrymi. Það er aðeins að heimilið fær ekki þær tekjur sem það þyrfti.

Þær breytingar og endurbætur sem eru mest aðkallandi á dvalarheimilinu snúa að því að geta betur komið til móts við breyttar aðstæður. Herbergi

Aðkallandi
breytingar

eru lítil og búnaður þeirra og innréttigar henta ekki vel miðað við þá þjónustu sem þarf að veita. Þá er brynt að bæta hreinlætisaðstöðu. Endurbætur á þessu sviði, þ.e. breytingar á herbergjaskipan og salernis- og baðaðstöðu, eru orðnar aðkallandi en eru um leið nokkuð flóknar í framkvæmd. Bæði er að óhægt er um vik að ráðast í stórfelldar breytingar innanhúss með óbreyttri starfsemi og einnig hitt að eftir því sem herbergjum fækkar verður rekstur heimilisins óhagkvæmari.

Viðhald

Aðrar breytingar geta flokkast undir almennt viðhald, s.s. betrumbætur á inngangi og annarri sameiginlegri aðstöðu innanhúss og utan. Eins og á öðrum eignum bæjarfélagsins er þörf á að sinna því vel og þarf að gæta þess að það sé gert jafnt og þétt en nokkur misbrestur hefur verið á því.

Félag
aðstandenda

Á fundum nefndarinnar og viðtölum við fólk kom upp hugmynd sem hér er varpað fram svo hún gleymist ekki. Það er að stofna félag aðstandenda í tengslum við Dvalarheimilið. Slíkt félag gæti starfað á svipaðan hátt og foreldrafélög við skólaná, komið fram sem málsvarar heimilsfólks og verið um leið nokkurs konar hollvinasamtök stofnunarinnar.

3.5 Tillögur í húsnæðismálum

Nefndinni er falið að meta húsnæðispörfina og koma með tillögur um hvernig verði brugðist við henni.

Í ljósi biðlista eftir þjónustuþbúðum og þess sem kemur fram í skoðana-könnuninni má slá því föstu að þörf er að byggja nokkrar íbúðir til viðbótar þeim sem fyrir eru. Skoðanakönnunin leiðir líka í ljós að mestur áhugi er á íbúðum í par- eða raðhúsum og bílgeymsla er æskileg fyrir hverja íbúð. Ennfremur er meiri áhugi á því að íbúðirnar verði staðsettar þar sem tiltölulega stutt og greiðfært er í alla almenna þjónustu.

Þótt á undanförnum tveimur árum hafi verið byggðar milli 14 og 20 íbúðir á frjálsum markaði sem eldra fólk hefur aðallega keypt þá er enn sóst eftir íbúðum á vegum bæjarins, þjónustuþbúðum. Það má telja líklegt að biðlisti eftir þjónustuþbúðum (6 – 10 umsóknir og bið í 2 – 5 ár) verði áfram viðvarandi þrátt fyrir nýbyggingar síðustu ára á frjálsum markaði. Einnig skal það áréttæð hér að kaup eldra fólk á nýjum íbúðum eru algjörlega háð því hversu líflegur og virkur fasteignamarkaðurinn er í bænum að öðru leyti.

Byggja þarf
5 – 8 íbúðir

Miðað við ofangreint liggur beinast við að byggðar verði 5 - 8 íbúðir í raðhúsum við eða nálægt Aðalgötu, í „gamla bænum“ eða annars staðar þar sem lausar lóðir eru í göngufæri við aðalþjónustukjarnann við Borgarbraut/Aðalgötu.

Fjölbreytni

Með byggingu íbúða án tengsla við Dvalarheimilið eða aðrar stofnanir, þar sem væri aðgangur að bílgeymslu, en eignarhald og fjármögnun er með svipuðum hætti og á íbúðunum á Skólastíg, væri komin meiri fjölbreytni í húsnæðismál aldraðra en verið hefur. Það verður að teljast góður kostur í sjálfu sér að fólk hafi nokkurt val um húsnæðismálin eftir efnum og ástæðum.

Nýtt dvalar-
heimili?

Annar kostur væri að reisa nýtt dvalarheimili, t.d. á lóðunum Aðalgata 17 – 19, en breyta heimilinu á Skólastíg í íbúðir. Hugsanlega mætti gera þar 5 íbúðir og halda matsalnum, og einnig eldhúsini.

Einn gallinn við að fara þessa leið er að þá væri dregið úr fjölbreytni í húsnæðismálinum. Íbúar í þjónustuþbúðunum á Skólastíg eru á ýmsan hátt

mjög háðir Dvalarheimilinu, starfseminni þar og þjónustunni. Það felst í því ákveðið öryggi fyrir þá að búa í svo nánum tengslum við Dvalarheimilið.

Sambýli
Hér mætti líka nefna eitt búsetuform enn sem er nokkurs konar millistig milli sjálfstæðrar búsetu og dvalar- eða hjúkrunarheimilis. Það eru sambýli fyrir aldraða en þau eru rekin sums staðar í stærrí sveitarfélögum, s.s. Akueyri, Kópavogi og viðar. Sambýli er rekið af daggjöldum á sama hátt og dvalarheimili og stofnun þess og rekstrarleyfi háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytisins.

Dagvist
Það kom fram hér að framan (sjá bls. 9) að nefndin telur þörf á að í nánustu framtíð verði það skoðað hvort möguleiki er á að veita dagvistarþjónustu fyrir aldraða. Mikilvægt er að hugsað verði fyrir því þegar ákvarðanir eru teknar um byggingarframkvæmdir. Dagvist væri best komin í tengslum við Dvalarheimilið en þá þyrfti að gera ráðstafanir þar vegna meiri húsnaðisþarfar. Annar möguleiki væri að semja við St. Franciskusspítalann um rekstur dagvistar.

Félagsstarf
Það sama má segja um aðstöðu fyrir félagsstarf. Þegar farið verður í það að byggja nýjar íbúðir þá þyrfti í þeirri byggingu að gera ráð fyrir góðri aðstöðu sem gæti nýst undir fjölbreytt félags- og tómstundastarf fyrir eldri borgara. Félagsaðstaðan á Skólastíg væri þá fremur hugsuð til afnota fyrir Dvalarheimilið og þjónustuíbúðirnar þar.

Aðgengi fyrir alla
Að lokum er minnt á það hér, þótt það flokkist ekki endilega undir húsnaðismálín, að gera þarf á tak í því að bæta aðgengi bæði fatlaðra og aldraðra. Umhverfi og stofnanir bæjarfélagsins þurfa að vera aðgengilegar öllum. Margt af því sem bætir aðgengið er hvorki flókið né dýrt í framkvæmd, það þarf hins vegar að ganga skipulega og ákveðið til verks í því. Í lok skýrslunnar er bent á nýlega handbók á vef félagsmálaráðuneytisins um þetta efni.

4. Skoðanakönnun

Á fundum með fulltrúum frá Aftanskini og starfsfólk sem vinnur við öldrunarþjónustuna kom fram að gagnlegt væri að leggja fyrir skoðanakönnun til þess að kanna afstöðu íbúanna til húsnaðismála og félagsstarfsins. Þannig gætu þeir sem málið varðar komið á framfæri ábendingum sínum og skoðunum.

Var leitað til Félags- og skólapjónustu Snæfellinga um aðstoð við framkvæmdina og tók Vigdís Gunnarsdóttir félagsráðgjafi að sér að undirbúa spurningalistana með nefndinni og sá hún einnig um úrvinnslu gagna.

Könnunin var í tveimur hlutum og snerti fyrri hlutinn húsnaðismálin. Þar var reynt að komast að því hver þörfin er á íbúum fyrir aldraða á næstu árum á vegum bæjarfélagsins og einnig hverju ætti að taka mið af þegar staðsetning slíkra íbúða er ákveðin.

Síðari hluti könnunarinnar var svo um félagsstarf eldri borgara í Stykkishólmi, bæði frjálst félagsstarf, eins og starf Aftanskins, og einnig félags- og tómstundastarf sem er á vegum bæjarfélagsins.

Framkvæmd könnunar

Framkvældin var með þeim hætti að í lok janúar var íbúum í Stykkishólmi og Helgafelssveit, sem eru fæddir 1945 og fyrr, sendir spurningarlistar. Félagar úr Aftanskini sáu svo um að safna saman listunum nokkrum dögum síðar. Könnunin var nafnlaus og svörin á engan hátt bindandi. Var ætlast til þess að hjón og sambúðarfólk svaraði sameiginlega spurningum um húsnaðismálin en spurningalistanum um félagsstarfið svaraði hver einstaklingur fyrir sig.


Alls voru sendir út spurningalistar til 54 hjóna / sambúðarfólks og 90 einhleypingu, ekkna og ekkla. Það gera 144 heimili en svör bárust frá 80 heimilum um húsnaðismálin og 114 einstaklingum um félagsmálin.

Eins og kemur fram í kafla 1 þá eru samkvæmt tölu Hagstofu 222 einstaklingar fæddir 1945 og fyrr búsettir í Stykkishólmi og Helgafellssveit 1. desember 2005 en hins vegar voru 198 nöfn á þeim lista sem unnið var með við undirbúning könnunarinnar. Kann nefndin enga haldbæra skýringu á þessum mun aðra en þá að tölu Hagstofunnar höfðu ekki verið gefnar út í janúar og að íbúaskráin sem notuð var hafi verið ónákvæm sem þessu nemur.

Helstu niðurstöður úr könnuninni eru sýndar hér með myndum á næstu blaðsíðum en spurningalistana má sjá í viðauka aftan við skýrsluna.


4.1 Félagsstarfið

4.1.1 Helstu niðurstöður




Mynd 4.1

Samtals svara 114 einstaklingar. Það eru 57,5% íbúa eldri en 60 ára. Eins og sjá má eru flestir sem svara spurningum um félagsstarf á aldrinum 60-70 ára. Það kemur ekki á óvart þar sem þessi aldurshópur er tæpur helmingur alls hópsins.



Mynd 4.2


Mjög jöfn skipting var á svörum eftir kynjum eða 55 konur og 56 karlar. Tveimur svarblöðum var svarað sameiginlega af karli og konu



Mynd 4.3

Af þeim 113 sem svara þessari spurningu þá eru alls 55 eða tæp 49% sem ekki taka þátt í félagsstarfi aldraðra og 24 taka lítinn þátt í því. 34 stunda félagsstarf oftar en einu sinni eða tvísvar í mánuði eða um 29% svarenda.

Ef skoðuð er ástæða þess að viðkomandi tekur lítinn eða engan þátt í félagsstarfi kemur þetta í ljós:




Mynd 4.4

Nokkrir merktu við fleiri en eitt atriði en það sem greinilega hefur hvað mest áhrif á litla þátttöku fólks er áhugaleysi á því sem í boði er eða alls 17 einstaklingar.

12 einstaklingar merkja við að þeir viti ekki hvað er í boði en 10 hafa ekki áhuga á þátttöku í félagsstarfi. Einnig varð vart við það að hluti af þeim sem svara eru ekki orðnir 67 ára og því jafnvel enn á vinnumarkaðnum og hafa að eigin mati nóg annað fyrir stafni.

Mynd 4.5 sýnir svör við einni spurningu á listanum þar sem fólk var beðið um að merkja við þau atriði sem það hefði áhuga á að stunda ef það væri í boði. Leyfilegt var að merkja við eins mörg atriði og fólk vildi og urðu helstu niðurstöðurnar þær að flestir höfðu áhuga á handavinnu og föndri, næst kom sund, þá fræðslufundir og námskeið, spil, leikfimi, skipulagðar gönguferðir, söngur og kórstarf.



Mynd 4.5

Spurt var um viðhorf fólks til Aftanskins, félags eldri borgara, og sjást svörin á **Mynd 4.6**.

Langflestir voru ánægðir með starfsssemi Aftanskins en töldu margir að húsnæðisleysi stæði starfseminni fyrir þrifum. Athygli vekur að 36 einstaklingar kjósa að svara ekki og má þar reikna með að þeir sem ekki tóku þátt í félagsstarfinu teldu sig ekki hafa forsendur til að meta það.




Mynd 4.6

Á fundum nefndarinnar og viðræðum við starfsfólk kom fram að mikil þörf væri á að kynna markvisst fyrir eldri borgurum réttindi þeirra og þá þjónustu sem þeim stendur til boða.



Mynd 4.7



Mynd 4.8

Nokkuð var rætt um hver bæri ábyrgð á slíkri kynningu eða ætti að hafa frumkvæði að henni. Af þessu má sjá að flestir telja að Stykkishólmssbær eigi að sjá um kynninguna, margir nefndu einnig Aftanskin og nokkuð jafnt hlutfall var á milli Félags- og skólapjónustu og heilsugæslu.

4.1.2 Annað

Þó nokkuð margir höfðu skoðanir á því hvað betur mætti fara varðandi félagsstarf og var stór hluti svarenda mjög upptekinn af húsnæðisleysi félagsins. Þær athugsemdir sem komu fram má sjá hér á eftir orðrétt:

- ókeypis í sund, fyrir eldri borgara. Það myndi auka þátttöku eldra fólks verulega frá því sem nú er
- vantar félagsráðgjafa á vegum bæjarins sem vakir yfir þörfum eldri borgara. Margt gamalt fólk er ekki fárt um að leita sér upplýsinga um réttindi sín.
- vantar nýtt elliheimili, þessi gamla heimavist var "neyðarbrauð" sem notað var fyrist vegna þess að ekkert annað var til á þeim tíma en átti aldrei að verða til frambúðar. Það er langt frá því að vera boðlegt þó starfsfólk sé að gera kraftaverk dáglega þá er aðstaða þeirra langt frá því að vera boðleg.

- það væri góð hugmynd að yngra fólk ið tæki að sér að heimsækja þá eldri borgara sem eru einir og einmana ef það væri hægt.
- efla þarf hjúkrunarþjónustu fyrir þá sem þess þurfa, þá gætu sjúkir og aldraðir dvalið lengur í heimahúsi.
- Það væri gott að hafa aðgang að húsnæði þar sem væri hægt að hittast og dunda saman með sín áhugamál t.d prjóna, hekla, mála og blanda geði við náungann.
- Gaman væri að rifja upp hringdansa t.d vefaradansinn, ég úti gekk um aftan o.fl. ef einhver man.
- Koma mætti upp aðstöðu fyrir viðgerðir og smíði smærri súðbyrðinga það er handverk sem er að glatast.
- Þakka nefndinni fyrir þessa vinnu.

4.2 Húsnæðismál

4.2.1 Helstu niðurstöður

Eins og kemur fram hér á undan þá svöruðu hjón og sambúðarfólk sameiginlega spurningum um húsnæðismálin. Leitast var eftir því að fá fram svör við fjórum atriðum fyrst og fremst:

1. Hvenær fólk teldi líklegt að það þyrfti að skipta um húsnæði.
2. Hvort meiri áhugi væri á þjónustuþbúðum líkt og á Skólastíg eða félagslegum íbúðum með minni þjónustu. Einnig hvort fólk vildi heldur kaupa íbúðir á frjálsum markaði.
3. Hvaða skoðanir fólk hafði á staðsetningu íbúðanna.
4. Hvaða kröfur væru gerðar til þjónustu og húsgerðar.

Hér eru sýndar myndir af svörum við einstökum spurningum:




Mynd 4.9

Alls fengust svör frá 80 heimilum og var nokkuð jöfn skipting milli hjóna og þeirra sem búa einir. Eins og sést hér á **Mynd 4.9** voru 36 þeirra sem svöruðu einhleypir og 44 hjón. Þar sem heildarfjöldi heimila þar sem hjón búa saman er 54 má sjá að um 81% þessara heimila svara könnuninni.


Á næstu mynd (**Mynd 4.10**) sést núverandi staða húsnæðismála

Af þessum 80 heimilum voru langflestir í eigin húsnæði eða alls 56 heimili. Næst komu svör frá dvalarheimilinu, eða 13.



Mynd 4.10

Þegar spurt var hvort fólk hefði hug á að skipta um húsnæði á næstu árum kom þetta í ljós:



Mynd 4.11

Á **Mynd 4.11** má sjá að af þeim 80 heimilum sem svöruðu eru 47 þeirra eða tæp 59% sem virðast alls ekki hafa hug á að skipta um húsnæði.

Þetta á sér líklega þær skyringar að þeir, sem nú þegar búa á dvalarheimili, í þjónustuþúðum eða hafa nýlega fest kaup á íbúðum á frjálsum markaði, s.s. í Tjarnarmýri og víðar, merkja við þennan kost.


Ef skoðaður er fjöldi þeirra sem hefur hugsað sér að skipta um húsnæði innan tíu ára er um að ræða 16 heimili eða 20% svarenda, þar af eru 12 heimili sem hyggjast skipta um húsnæði á næstu 2- 4 árum.

Þetta er sá hópur sem þarf að taka mið af þegar brýnasta þörfin er metin og kemur þessi fjöldi heim og saman við biðlista eftir þjónustu-íbúðum þar sem nú eru skráðar sjö umsóknir í bið.


19 telja sig flytja innan óákveðins tíma og er því samtals um að ræða 33 heimili sem svara þeim spurningum sem niðurstöður hér á eftir byggja á.

Í næstu myndum eru aðeins skoðuð svör þeirra sem gerðu ráð fyrir að flytja. Af þessum sökum fækkaði heimilum sem svoruðu úr 80 í 33.


Í Myndum 4.12 og 4.13 má sjá að fleiri vilji kaupa húsnæði á frjálsum markaði en í félagslegu íbúðakerfi eða alls 19 heimili á móti 10.



Mynd 4.12




Mynd 4.13



Mynd 4.14

Þessi spurning gerði ráð fyrir að svarendur merktu við frá 1 - 4 eftir því sem þeim fannst mikilvægast. Flestir krossuðu hinsvegar við þau atriði sem þeim þóttu mikilvægust og voru því taldir saman þeir krossar sem hvert atriði fékk auk þess sem talin voru þau atriði sem merkt var með 1 og 2 hjá þeim sem forgangsröðuðu á þann hátt.


Sjá má að svarendur telja mikilvægast að hafa verslun og almenna þjónustu í nágrenninu eða alls 19 svör, síðan kemur staðsetning í tengslum við félagsstarf og aðra þjónustu við aldraða, alls 12 svör.



Mynd 4.15

Mynd 4.15 sýnir hvernig húsnæði fólk telur að henti sér best ef það myndi flytja. Þar eru vinsælust parhús og raðhús þá einbýlishús og loks fjölbýli.

Einnig var spurt um það hvort fólk teldi mikilvægt að bílageymsla væri með eigninni og taldi stór hluti svo vera, eða alls 22 heimili af 33. Aðeins tvö heimili töldu ekki þörf á bílageymslu.



Mynd 4.16

Í lokin var svo spurt að því hvaða þjónustu viðkomandi fyndist mikilvægt að geta keypt eða fengið í tengslum við húsnæðið. Þar var leyfilegt að merkja við fleiri en eitt atriði og má sjá niðurstöðuna á **Mynd 4.17**:



Mynd 4.17

Eins og sjá má er öryggishappur, aðstoð við garðslátt/snjómokstur og heimsending úr matvöruverslun talin mikilvægasta þjónustan af þeim valmöguleikum sem í boði voru.

Á svarblöðum var einnig gefinn upp sá valmöguleiki að skrifa eigin óskir varðandi húsnæði og þau atriði sem voru nefnd þar voru eftirfarandi:

- Engar eða mjög fáar tröppur
- Heitur pottur

4.2.2 Að lokum

Ef taka á niðurstöðurnar saman í heild má sjá að stór hluti íbúa 60 ára og eldri í Stykkishólmi hefur ekki hugsað sér að flytja úr núverandi húsnæði á næstunni. Hinsvegar eru 33 heimili sem einhvern tíma á næstu árum hafa hugsað sér að flytja.

Til að áætla þörfina fyrir nýjar íbúðir má segja að byggja þurfi 8 íbúðir á næstu 2-4 árum og samkvæmt niðurstöðum eru íbúðir á frjálsum markaði álitlegri kostur en félagslegar íbúðir líkt og nú eru á Skólastíg.

Varðandi staðsetningu þá er nálægð við verslun og aðra almenna þjónustu mikilvægasti kosturinn.

Ef skoða á hvernig húsnæði eigi að byggja þá eru parhús og raðhús talin álitlegasti kosturinn og nánast nauðsynlegt þykir að hafa aðgang að bílageymslu. Að lokum er svo öryggishnappurinn talinn mikilvægastur af þeirri þjónustu sem unnt væri að fá í tengslum við húsnæðið.

5. Stefna Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra

Nefndin telur rétt að bæjaryfirvöld setji fram almenna stefnu um málefni aldraðra.

Eftirfarandi texta ber að líta á sem drög að stefnu Stykkishólmsbæjar í málefnum aldraðra.

I samræmi við lög um málefni aldraðra leggur Stykkishólmsbær áherslu á að aldraðir geti lifað eðlilegu heimilislífi við fullt sjálfraði á eigin vegum, svo lengi sem hægt er, en að þeir eigi jafnframt völ á nauðsynlegri stofnanabjónustu í heimabyggð eftir því sem við verður komið.

Stykkishólmsbær vill gera öldruðum íbúum sínum auðvelt að leita til félagsþjónustu eftir upplýsingum og þjónustu bannig að hægt sé að bregðast skjótt við þegar þess er börf. Öll þjónusta við eldri borgara skal í þessu skyni kynnt sérstaklega.

- Stefnt skal að því að allir íbúar fái bréf frá bæjarféluginu á því ári sem þeir verða 67 ára. Þar séu upplýsingar um þjónustu bæjarfélagsins og um þau réttindi sem fylgja starfslokum.

Stefna ber að því að efla heimabjónustuna og gera hana markvissa og skilvirka. Þjónustan þarf jafnframt að vera fáanleg með stuttum fyrirvara, einkum í neyðartilvikum.

- Félagsleg heimabjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma, þó skal leitast við að veita nauðsynlega þjónustu á öðrum tímum í neyðartilvikum
- Starfsfólk heimabjónustu og heimahjúkrunar myndi samstilltan starfshóp sem hefur góða yfirsýn yfir þjónustuparfir aldraðra í Stykkishólmi.

Tryggja skal eftir fóngum að aldraðir einangrist ekki félagslega og þurfa þeir að eiga kost á fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi. Stefnt verði að aukinni þátttöku aldraðra í tómstundastarfinu og skipulagi þess.

- Félags- og tómstundastarfið sé fjölbreytilegt og geti höfðað til sem flestra.
- Bjóða skal upp á góða aðstöðu til félags- og tómstundastarfa aldraðra.
- Efla fræðslu- og íþróttastarf auk líkamsræktar fyrir aldraða.

Tryggja þarf að öldruðum standi til boða fjölbreytt húsnæðisúrræði.

Stefna ber að því að boðið verði upp á dagvistarþjónustu fyrir aldraðra og fengið verði leyfi til reksturs dagvistar ef þörfin er brýn.

Tryggja þarf að eftirfarandi þjónusta standi eldri borgurum í Stykkishólmi til boða:

- aðstoð við garðvinnu og snjómokstur eftir því sem aðstæður leyfa.
- heimsending matar og þjónusta vegna þvotta
- afsláttur af fasteignagjöldum

Stykkishólmssbær telur mikilvægt að stuðla að aukinni þáttöku og frumkvæði aldraðra í ákvörðunum og breytingum sem snerta hag þeirra sjálfra. Aldraðir eiga að hafa eins mikil áhrif á eiginð líf og mögulegt er, einnig þegar þeir þurfa á hjálp að halda frá bæjarfélagini.

- Stutt skal við starfsemi Aftanskins, félag eldri borgara í Stykkishólmi og nágrenni. Stefnt skal að því að þáttur félagsins í félags- og tómstundastarfina aukist.
- Leitast verði við að hafa sem best samstarf við kirkjuna og önnur félagasamtök sem með ýmsum hætti koma að þjónustu við aldraða í bæjarfélagini.

Þjónusta öldrunarstofnana skal miðast við að varðveita og auka lífsgæði og sjálfsbjargargetu íbúanna og að sjálfstæði þeirra sé virt. Áhersla skal lögð á að veita heimilisfólk sem besta þjónustu sem byggir á góðu faglegu starfi í náinni samvinnu við heimilisfólk og aðstandendur þeirra.

- Áhersla verði á að mæta einstaklingsbundnum þörfum íbúanna.
- Áhersla verði lögð á að rjúfa einangrun aldraðra á stofnum með því að gefa kost á samveru íbúa, starfsfólks og aðstandenda og með því að gefa heimilisfólk tækifæri til að taka þátt í almennu félagsstarfi aldraðra og njóta menningarviðburða í bæjarfélagini eftir því sem kostur er.

Stefnu þessa um málefni aldraðra skal endurskoða á fyrsta ári hvers kjörtímabils.

Viðaukar

Vefsíðir og ítarefni

Hér að neðan er tekinn saman listi yfir gagnlegar vefsíður sem tengjast málefnum aldraðra:

1. Reglur um félagslega heimapjónustu á Snæfellsnesi:
<http://felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/fel-sveitarf/reglur/nr/952>
2. Lög um málefni aldraðra:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999125.html>
3. Ýmislegt efni um málaflokkinn á vef heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis:
<http://heilbrigdisraduneyti.is/malaflokkar/malefni-aldradra/nr/717>
4. Aðgengi fyrir alla. Handbók um umhverfi og byggingar:
<http://130.208.80.105/adgengi/aðgengifyriralla/efnisyfirlit.aspx>
5. Félag eldri borgara í Reykjavík:
<http://www.feb.is/>

Á næstu síðum eru eftirtalin fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1: **Bréf til þátttakenda í skoðanakönnun**

Fylgiskjal 2: **Spurningalisti um félagsstarf**

Fylgiskjal 3: **Spurningalisti um húsnæðismál**

Skoðanakönnun

Stykkishólmi 26. janúar 2006

Kæri viðtakandi

Nefnd um málefni eldri borgara á vegum Stykkishólmsbæjar hefur ákveðið að láta fara fram könnun meðal íbúa 60 ára og eldri í Stykkishólmi og Helgafellssveit til að kanna afstöðu þeirra til húsnæðirmála og félagsstarfs.

Könnunin, sem er unnin í samráði við **Aftanskin** og **Félags-** og **skólapjónustu Snæfellinga**, verður notuð við gerð skýrslu sem nefndin skilar bæjarstjórn Stykkishólms um málefni eldri borgara. Með könnun sem þessari er íbúum gert kleift að koma ábendingum sínum og skoðunum á framfæri og þannig reynt, eins og unnt er, að koma til móts við óskir og þarfir íbúanna sjálfra.

Framkvæmdin verður með þeim hætti að allir íbúar sem eru fæddir 1945 og fyrr fá senda spurningalista. Nokkrum dögum eftir að listarnir hafa verið sendir út verður gengið í hús og þeim safnað saman. Það skal tekið fram að könnunin er með öllu nafnlaus og eru svörin ekki bindandi á nokkurn hátt.

Könnunin er í tveimur hlutum og snertir fyrri hlutinn húsnæðismál og seinni hlutinn félagsstarf eldri borgara í Stykkishólmi. Ætlast er til að hjón og sambúðarfólk svari saman spurningum um húsnæðismálin en hver einstaklingur svari spurningum um félagslífið. Viljum við góðfúslega biðja ykkur að svara spurningunum með því að merkja X í viðeigandi reiti eða skrifa nánari útskýringar þar sem það á við.

Stefnt er að því að ganga í hús og sækja könnunina dagana 3. – 6. febrúar næstkomandi.

Með von um góðar undirtektir.
F.h. nefndarinnar,

Eyþór Benediktsson
Hanna Jónsdóttir
Katrín Pálsdóttir

Félagsstarfið

1. Aldur þess sem svarar

- 61 – 70 ára
- 71 – 80 ára
- 81 árs eða eldri

2. Kyn

- Karl
- Kona

3. Tekur þú þátt í félagsstarfi aldraðra í Stykkishólmi?

- Já
- Lítinn
- Nei

a) Ef merkt er við já, í hvaða félagsstarfi?

b) Ef þátttaka í félagsstarfi er lítil eða engin, hver er helsta ástæða þess?

- Hef ekki áhuga.
- Vantar akstur á staðinn.
- Vantar húsnæðisaðstöðu.
- Veit ekki hvað er í boði.
- Vantar einhvern til að fara með.
- Annað (hvað?)

c) **Hefðir þú áhuga á að taka þátt í eftirfarandi?**

(Merkja má við **fleiri en einn** möguleika)

- Handavinnu og föndri
- Smíði
- Bókbandi

Skipulögðu íþróttastarfí s.s.

- leikfimi
- sundi
- sundnámskeiði
- boccia
- púttæ fingum
- Dansi
- Skipulögðum gönguferðum
- Söng og kórstarfi
- Spilum
- Upplestri
- Fræðslufundum og námskeiðum
- Kirkjulegu starfi
- Akstursvinir á vegum Rauða krossins
- Heimsóknarvinir á vegum Rauða krossins
- Ég hefði líka áhuga á öðru félagsstarfi. (Hverju?)

4. Eruð þið ánægð með starfsemi Aftanskins, félag eldra borgara?

- Já
 Nei

Hafið þið hugmyndir sem gætu nýst féluginu til þess að efla starfið?

5.

a) Finnst þér þörf á að kynna sérstaklega fyrir eldri borgurum réttindi þeirra og þá þjónustu sem í boði er í Stykkishólmi?

- Já
 Nei

b) Hver ætti að hafa forgöngu um kynninguna?

- Stykkishólmssbær
 Félags-og skólabjónustan
 Heilsugæslan
 Aftanskin, félag eldra borgara
 Aðrir (hverjir?)
-

6. Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Með kærri þökk fyrir þátttökuna

Húsnæðismál

1. Núverandi heimilisaðstæður ?

- Hjón
- Einhleyp(ur)
- Karl
- Kona

b) Aldur þess eða þeirra sem svara:

- 61 – 70 ára
- 71 – 80 ára
- 81 árs eða eldri

2. Núverandi húsnæði?

- Leiguhúsnæði
- Eigið húsnæði
- Íbúðir við Dvalarheimili
- Dvalarheimilið

3. Hafið þið hug á að skipta um húsnæði?

- Innan árs
- Á næstu 2-4 árum
- Á næstu 5-10 árum
- Innan óákveðins tíma
- Alls ekki

Þeir sem merkja í reitinn **Alls ekki** þurfa ekki að svara fleiri spurningum á þessum spurningalista.

4. Íbúðarhúsnæði fyrir eldri borgara

a) Hefðuð þið áhuga á að kaupa íbúð í félagslegu íbúðarkerfi líkt og eru nú á Skólastígnum?

- Já
 Nei

b) Hefðir þú áhuga á að kaupa íbúð á frjálsum markaði?

- Já
 Nei

5. Hvaða staðsetning myndi henta ykkur best ef þið færð í annað húsnæði?

Forgangsraðið með því að merkja 1 við það sem er mikilvægast, 2 við það næstmikilvægasta o.s.fr.

- Í nágrenni eða nánum tengslum við Dvalarheimili.
 Í nánum tengslum við þjónustu við aldraða (s.s. dagvist, félagsstarf)
 Nálægt, eða í göngufæri, við verslun og aðra almenna þjónustu.
 Þarf ekki að vera í neinum tengslum við Dvalarheimili eða aðra þjónustu við aldraða.

6. Hvernig húsnæði haldið þið að myndi henta ykkur best?

- Raðhús
 Parhús
 Fjölbýli
 Einbýlishús

b) Mynduð þið jafnframt óska eftir því að þar væri aðgangur að bílageymslu ?

- Já, það væri mjög mikilvægt.
- Já, það væri kostur en skiptir ekki öllu máli.
- Nei, það er ekki þörf á bílageymslu.

c) Annað sem þið mynduð gjarnan vilja hafa í húsnæði fyrir ykkur ?

7. Hvernig þjónustu þætti ykkur mikilvægt að geta keypt eða fengið í tengslum við húsnæðið?

(Leyfilegt að merkja við fleira en eitt atriði).

- Öryggishnappur
 - Matarsendingar
 - Heimsending úr matvöruverslun
 - Þvottabjónusta
 - Akstur
 - Aðstoð við garðslátt og snjómokstur
 - Heimsendingarþjónustu bókasafns
 - Annað
-
-
-
-

